

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Austur-Landeyjahreppi.

1. Byggðahverfis við Gunnarshólma.

Hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps samþykkti ofangreint skipulag á fundi sínum þann 6. maí 2002.

Skipulagssvæðið nær yfir lóð Gunnarshólma og svæði sem liggur um 400 m suður með tengivegi 253. Gert er m.a. ráð fyrir sex nýjum lóðum undir einnar hæðar einbýlishús og bíl-skúr. Tvær lóðir eru ætlaðar fyrir iðnaðarbyggingar. Á lóð nr. 4 er flokkunarstöð fyrir endurvinnanlegt sorp.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið deiliskipulagið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

2. Frístundabyggð að Efri-Úlfsstöðum.

Hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps samþykkti ofangreint skipulag á fundi sínum þann 6. maí 2002.

Skipulagssvæðið liggur meðfram vegi 252 og samanstendur af tveimur röðum frístundahúsalóða, alls 15 lóðir ásamt leiksvæði. Samanlagður grunnflötur húsa á lóð má vera allt að 100 m².

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið deiliskipulagið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

3. Bakkaflugvöllur.

Hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps samþykkti ofangreint skipulag á fundi sínum þann 6. maí 2002.

Skipulagssvæðið er 50 ha og afmarkast af umhverfi Bakkaflugvallar og nær yfir N-S og A-V flugbraut, flughlað og ýmsar byggingar tengdar flugstarfsemi. Fyrir eru vélageymsla og tvær bílageymslur sem standa áfram en reisa á nýja flugstöð ásamt flugturni. Einnig er gert ráð fyrir flugskýlum, bílageymslum, eldsneytistönkum og möstrum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið deiliskipulagið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Gunnarshólma, 28. maí 2002.

F.h. Austur-Landeyjahrepps,

Árni Erlendsson, oddviti Austur Landeyjahrepps.